

## Skólahald í Flensborg í ljósi sóttvarnareglna á tímum kórónuveirufaraldurs

Kennsla hefst í Flensborgarskólanum samkvæmt stundatöflu **mánudaginn 24. ágúst** og fer námið fram í fjarkennslu auk þess sem boðið verður upp á staðbundnar lotur. **Fyrsta lotan** fer fram í fyrstu vikunni og fer þá kennsla fram í matreiðslu, myndlist, íþróttum, íþróttافرæðigreinum og leiðtogaþjálfun. Þeir nemendur sem eru með þessa áfanga í töflu eiga að mæta í þessa tíma strax í næstu viku. **Aðrir tímar eru kenndir í fjarkennslu.** Í viku tvö verður boðið upp á staðbundið nám í stærðfræði og raungreinum, í viku þrjú í ensku, dönsku, þýsku, frönsku og spænsku, í viku fjögur í íslensku og í viku fimm í félagsgreinum, viðskipta og hagfræðigreinum og hámarki og svo koll af kolli.

Vika 1 24. - 28. ágú	Vika 2 31. ágú - 4. sept	Vika 3 7. - 11. sept	Vika 4 14. - 18. sept	Vika 5 21. - 25. sept
Matreiðsla, myndlist, leiðtogaþjálfun, íþróttir, íþróttافرæði og ÍSAN	Stærðfræði og raungreinar	Enska, danska, þýska, franska og spænska	Íslenska	Félagsgreinar, viðskipta og hagfræðigreinar, Hámark og útskriftarhópur

**Staðbundnu loturnar** verða framkvæmdar á eftirfarandi máta:

Skólanum verður skipt upp í **þrjú** (jafnvel sex þegar fram í sækir) **sóttvarnarhólf** þar sem hvert hólf verður með sérinngangi. Við hvern inngang eru sóttvarnir aðgengilegar. Öll hólf eru með salerni. Hólfín eru lokuð en með þeim hætti að hægt er að rjúfa lokunina ef til rýmingar kæmi og til að hleypa ræstingu á milli. **Þess verður vandlega gætt að ekki eru fleiri en 100 manns í hverju hólfí og gætt að fjarlægðarmörkum.**

**Sóttvarnarhólfín** eru:

**Sóttvarnarhólf I** – H-hús, kennslurými á 1. og 2. hæð og 3. hæð í M-húsi. Gengið inn um aðalinngang skólans.

**Sóttvarnarhólf II** – M-hús, kennslurými á 1. og 2. hæð. Gengið inn um inngang á fyrstu hæð í M-húsi.

**Sóttvarnarhólf III** – B-hús, kennslurými á 1., 2. og 3. hæð. Gengið inn um inngang í porti.

Í hverju hólfu eru kennslustofur og borðum í þeim er stillt upp í samræmi við fjarlægðarreglur. Ef fjarlægðarreglur eru tveir metrar komast um 10-14 í stofur en 20-24 ef fjarlægðarreglur eru einn metri.

Nemendur fara út um sama inngang og þeir komu inn. Þeim verður óheimilt að stoppa á göngum. Að loknum tíma hverju sinni er gert ráð fyrir að nemendur fari annaðhvort heim eða séu áfram í stofunni. Skólinn er svo sótthreinsaður einu sinn á dag, í lok dags.

Nemendur mæta í hús í þá tíma sem þeim ber í hverri lotu fyrir sig, samkvæmt stundatöflu en kennsla við Flensborgarskólann hefst klukkan **08:30 og er hver kennslustund 60 mínútur**. Allar nánari upplýsingar um fyrirkomulag í staðbundnum lotum koma fram í vikuáætlun hvers kennara fyrir sig og það er því afar mikilvægt að nemendur fylgist vel með á INNU.

Gert er ráð fyrir að halda úti **kennslu á starfsbraut** eins og kostur er. Nemendur þar þurfa að deila inngangi og útgangi með sóttvarnarhólfi II. Ef ekki er hægt að tryggja fjarlægðarmörk (1m regluna) vegna fötlunar nemenda skal nota andlitsgrímur og hanska.

**Íþróttir verða kenndar** sem áður fyrr en fyrstu vikurnar verða að mestu kenndar **utandyra** og í fjarkennslu í gegnum viðurkennd forrit sem nýtist í hvers konar þjálfun.

**Mötuneyti verður fyrst um sinn lokað** og eru nemendur hvattir til að koma með nesti með sér í skólann ef þeir eiga fleiri en einn tíma í töflu á dag. **Bóksala verður opin föstudaginn 21. ágúst frá klukkan 15-18** og verður hún að þessu sinni staðsett við inngang M-byggingar.

Áfram hvetjum við nemendur til að huga vel að **aðstöðu sinni til þess að stunda nám í fjarkennslu** (tölvubúnaður á heimili) og fylgjast vel með á INNU varðandi tilmæli um verkefnavinnu í viku hverri og breytingar á skólahaldi. Einnig að huga vel að sóttvörnum (handþvottur og sprittun) og virða fjarlægðarmörk (1m reglan). Við berum öll ábyrgð, erum öll almannavarnir og með þessu skipulagi erum við að framfylgja reglum vegna kórónuveirufaraldursins á ábyrgan hátt. Vonandi getum við svo hafið kennslu í staðnámi sem allra fyrst!